

2023

Skýrsla um innra mat

Leikskólinn Grænuvellir
Húsavík
Norðurþing





3

Inngangur	
Starfsáætlun um innra mat	4
Niðurstöður mats	4
Uppeldis- og menntastarf	5
Leikskólabragur	7
Stjórnun	9
Foreldrasamstarf	10
Innra mat	12
Heildarniðurstaða innra mats	13
Ytra mat	14
Umbótaáætlun 2023-2024	16



Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um helstu viðfangsefni innra mats skólaárið 2022-2023.

1. Helstu matsþættir
 - **Uppeldis- og menntastarf**
 - **Leikskólabragur**
 - Stjórnun
 - Foreldrasamstarf
 - Innra mat
2. Staða gagnvart ytra mati
3. Umbótaáætlun 2023-2024

Nú á vorönn 2023 er leikskólinn Grænuvellir að klára þriggja ára plan innra mats. Skólaárið 2020-2021 var farið yfir innra mat, þ.e. skipulag, gagnasöfnun, opinbera birtingu og umbætur. Skólaárið 2021-2022 voru þættir foreldrasamstarfs og stjórnunar metnir og á þessu skólaári 2022-2023 voru leikskólabragur og uppeldis- og menntastarf metið auk þess sem unnið var að umbótum gæðaviðmiða allra þátta.

Hér fyrir neðan má sjá hvernig gæðaráð og eftir atvikum annað starfsfólk skólans mat stöðuna út frá gæðaviðmiðum skólans.

Innra mats teymi leikskólans Grænuvalla skipa Gunnþór Eyfjörð ráðgjafi frá Ásgarði, Sigríður Valdís Sæbjörnsdóttir leikskólastjóri, Helga Jónsdóttir aðstoðarleikskólastjóri, Unnur Ösp Guðmundsdóttir sérgreinastjóri, Hulda Jónasdóttir deildarstjóri, Júlía Margrét Birgisdóttir leiðbeinandi og Jóna Dagmar Hólmfríðardóttir foreldri.



Starfsáætlun um innra mat

Matsteymi var skipað af skólustjóra í byrjun skólaárs 2020/2021. Frá því hefur teymið fundað reglulega, skipulagt, forgangsraðað og unnið verk sem þarfnast umbóta. Markmiðið er að innleiða skólastefnu Norðurþings markvisst í gegn um innra mat sem var framkvæmt á árunum 2020-2023. Umbótaáætlanir voru gerðar til þess að vinna að úrbótum á því sem betur mætti fara og er markmiðið að amk 90% alls þess sem metið er teljist sýna mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Langtíma og ársáætlun er lifandi plagg sem bætist reglulega í en þar segir meðal annars hvenær teymið hittist, hvað er tekið fyrir og hvernig unnið er með ársáætlun innra mats.

Niðurstöður mats

Niðurstöður matsins eru lagðar fram í fimm áður greindum meginþáttunum samanber ytra mat Menntamálastofnunar og skólastefnu Norðurþings. Í kaflanum er fjallað um niðurstöðurnar út frá því hvernig gengið hefur að ná fram markmiðum skólans. Gæðaráð hefur farið yfir Gæðaviðmið Skólastefnu Norðurþings sem byggð eru á Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs gefið út af Menntamálastofnun. Einnig er farið yfir niðurstöður starfsmannakönnunar Grænuvalla auk þess sem ráðið fer yfir önnur gögn, ræðir niðurstöður og ber saman viðmiðin. Niðurstöðurnar eru litakóðaðar eftir gæðum og er markmiðið í lok þessarar vinnu að allir þættir séu ljósgrænir eða grænir.

- **RAUTI** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta.
- **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
- **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.



Uppeldis- og menntastarf

Metið skólaárið 2022-2023

Viðmið Norðurbings - Uppeldis- og menntastarf - matslisti 3. útgáfa.

Markmið skólans er að skólastarfið sé faglegt, uppbyggjandi og samstarfsmiðað. Jákvæður agi er meginstefna leikskólans og nær hann til alls starfsins. Auk jákvæðs aga er lögð áhersla á kenningar Johns Dewey, leikinn, útikennslu, læsi, tónlist og lýðræði. Mikið er notast við verðlausan og opinn efnivið í leik og sköpun þar sem rík áhersla er lögð á ferlið, nálgun og vinnu barnanna á meðan á verki stendur ekki síður en viðfangsefnið og útkomuna. Mikilvægt er að leik- og námsumhverfið sé fjölbreytt og krefjandi, við hæfi hvers og eins og sé í stöðugu umbótaferli í samræmi við þróun starfshátta í skólum. Að reglulega sé farið yfir og framfylgt áætlun um mat á námi og velferð barna í leikskólanum sem og áætlanir um forvarnir og viðbrögð við slysum og annarri vá.

Gögn sem nýtt verða til að máta við ný markmið og viðmið um uppeldis- og menntastarf eru fundargerðir, niðurstöður spurningalista. Allt starfsfólk kom að vinnu við að meta hvar skólinn stendur í uppeldis og menntastarfi.

Niðurstaða

- Í jákvæðum aga er unnið eftir áður útgefnum kennsluáætlunum með sérstakri áherslu á tengslamyndun. Í Covid féllu regluleg námskeiðshöld niður og því hefur JA menntunarstig lækkað í húsinu. Nú þegar námskeið eru haldin á ný er markmiðið að ná fyrra menntunarstigi í skólanum, samráðsfundum fjölgi og og kennarar fái fleiri tækifæri til að fá hjálp og ráðleggingar frá samkennurum sínum (KHK).
- Læsisstefnan hefur nú verið í notkun í tvö ár og er alltaf að koma sterkari inn í starfið.
- Við mat á stærðfræðiskilningi, mál- og félagsþroska eru Míó, Efi-2, TRAS og HLJÓM 2 matstækin notuð. HLJÓM 2 var lagt fyrir 2017 árgang í september og janúar, Efi 2 var lagt fyrir árgang 2019 í janúar- apríl og Tras og Míó á vorönn fyrir árganga 2018-2020. Börn sem koma út í slakri færni/getu í þessum skimunum fara í ferli hjá sérkennslustjóra, gerð er einstaklingsnámskrá fyrir þau og þau fá auka málörvun eða annað sem þau þurfa á að halda.
- Útikennslan hefur þróast og breyst á síðustu árum. Minna er um að eldað sé úti og meiri tími gefst því til fjölbreyttra verkefna, náttúruskoðunar og vísinda.
- Grænuvellir hafa í mörg ár verið í samstarfi við Tónlistarskóla Húsavíkur þaðan sem kennari kom einu sinni í viku og sá um tónlistarstundir fyrir elstu börnin og skipulagði tónlistaratriði með börnunum fyrir útskrift þeirra í maí. Á síðasta skólaári féll samstarfið niður þar sem ekki náðist að finna tíma sem hentaði bæði leik- og tónlistarskólanum. Til mikillar lukku náðu leik- og tónlistarskólinn aftur saman á þessu skólaári og hefur samstarfið gengið mjög vel. Börnin fóru í tónlistarskólann fyrir áramót og kennarinn kom til þeirra í leikskólann eftir áramót og æfði með þeim, eins og áður, atriði fyrir útskrift elstu barnanna.

- Frjálsi leikurinn fær gott pláss í dagskipulaginu á Grænuvöllum, börnin hafa stjórn á hvaða leikefni þau nota hverju sinni og með hverjum þau leika. Leikföngin eru í flestum tilvikum aðgengileg fyrir börnin og þegar tækifæri gefast er svigrúm til að halda leik áfram seinna þegar nauðsyn er að snúa sér að öðru í dagskipulaginu.

Uppeldis- menntastarf	og
Skipulag náms og námsaðstæður	
Uppeldi, menntun og starfshættir	
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	
Námssvið leikskólans	
Leikskóli án aðgreiningar	
Mat á námi og velferð barna	

Umbætur næsta árs

- Útbúa skjal til að skrá niðurstöður hvernar skimunar fyrir sig.
- Skrá markvisst niður heildarniðurstöður úr skimunum svo hægt sé að bera saman milli ára.
- Bæta hljóðvist
- Bæta vinnuaðstöðu starfsfólks
- Auka efnivið sem endurspeglar fjölbreytileika mannlífsins
- Auka vísinda og annað STEAM starf í leikskólanum og fræða kennara um það.
- Taka fyrir viðfangsefni Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna
- Taka fyrir viðfangsefni Heimsmarkmiðanna
- Gera endurmenntunaráætlanir
- Gera sérkennslustefnu
- Auka samstarf skólaráðgjafa og Grænuvalla



Leikskólabragur

Metinn á vorönn 2023

Viðmið Norðurbings - Leikskólabragur- matslisti 3. útgáfa.

Markmið skólans - Að skólabragur sé jákvæður og uppbyggjandi með áherslu á faglegt samstarf og samvinnu þar sem starfsfólk nýtur sín í starfi og er stolt af starfi sínu og vinnustaðnum.

Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um leikskólabrag voru niðurstöður spurningalista og Gæðaviðmið leikskólastarfs

Niðurstaða -Það sem er gult eða rautt fer í umbótaáætlun (neðst).

- Stytting vinnuvikunnar hefur tvö síðustu ár verið með þeim hætti að hver kennari fær rúmlega klukkutíma á viku í styttingu miðað við fulla vinnu. Þetta hefur útheimt mikla skipulagsvinnu þar sem kennarar og börn eru færð milli deilda síðasta klukkutíma dagsins til að koma sem mest í veg fyrir undirmönnun á deildum. Því var tekin ákvörðun í lok skólaárs að gera breytingu á styttingunni, tvöfalda lengd hennar og mun starfsfólk fá 10 frídaga yfir veturinn, u.þ.b inn í mánuði. Hægt verður að þjappa þeim saman ef viðkomandi vill komast í stutt frí yfir veturinn og nemar munu nota sína styttingu í lotur. Með þessari breytingu er leikskólinn kominn með hálfu styttingu en stefnan er að leikskólinn nái fullri styttingu og auka þannig starfsánægju, minnka líkur á kulnun og gera leikskólann að eftirsóttari vinnustað. Starfsfólk hefur verið liðlegt með að færa styttingarnar þegar svo ber undir og heldur því vonandi áfram í nýju fyrirkomulagi. Ef fólk kemst ekki í styttingu hefur það fengið að eiga hana inni eða fengið borgað í yfirvinnu.
- Starfsmannaaðstaða Grænuvalla er ekki til fyrirmyndar. Fyrir sex árum voru lðavellir 8 keyptir og þar er kaffistofa starfsfólks, undirbúningherbergi, fundarherbergi og skrifstofa sérkennslu- og sérgreinastjóra. Undirbúnings- og fundarherbergi eru lítil og loftskipti eru afar takmörkuð. Gólfíð er ójafnt í öllu húsinu og gólfefni léleg. Eldhúsinnréttingin er gömul og kominn tími á að skipta henni út og annað starfsmannasalernið er ekki boðlegt. Það er einnig lykt í húsinu sem óvitað er hvaðan kemur og eitthvað þarf að gera til að hún hverfi. Á kaffistofunni eru sæti fyrir 18 manns en það vinna um 60 manns í leikskólanum og því aðeins pláss fyrir 1/3 af starfsfólki í kaffi. Þegar Áttan var keypt var gerð deild úr starfsmannaaðstöðu og skrifstofum í leikskólanum. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fluttu sig um set og eru nú saman á of lítilli skrifstofu inn í leikskólanum. lðavellir 8 voru keyptir sem bráðabirgðaúrræði til fimm ára en nú hefur þessi aðstaða verið í notkun í tæp sex ár og engar nýjar framtíðarlausnir í sjónmáli.

Leikskólabragur
Viðmót og menning
Velferð og líðan barna
Hlutverk leikskólakennara
Fagmennska starfsfólks
Starfsánægja

Umbætur næsta árs

- Á vorönn 2023 var leikskólabragur metinn út frá gæðaviðmiðum Norðurþings, umbótaáætlun gerð með það að markmiði að í 90% tilvika sé verklag mjög gott og samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
- Virkja móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk.
- Endurbæta starfsaðstæður í starfamannahúsi

Stjórnun

Var metin á skólaárinu 2021-2022

Viðmið Norðurbings - Stjórnun - matslisti 3. útgáfa.

Markmið skólans - Fagleg forysta stjórnenda styður markmiðs - og árangursmiðaða starfshætti sem drifa fram stöðugar umbætur. Skólastjórnendur eru virkir þátttakendur í þróun kennsluhátta í samræmi við framtíðarsýn. Virkt lærdómssamfélag innan skólans með markvissri ígrundun þar sem starfsfólk lærir hvert af öðru. Stjórnendur sjá til þess að leikskólinn sé faglegur, öruggur og uppbyggjandi vinnustaður barna og starfsmanna með áherslu á virðingu, vináttu og vellíðan. Markmið skólans er að a.m.k. 90% matsþátta í stjórnun séu grænir þ.e. flestir þættir eða allir sterkir. Gögn sem nýtt voru til að meta viðmið um stjórnun voru m.a. Skólapúlsinn starfsmannakönnun og niðurstöður starfsþróunarsamtala.

Niðurstaða:

Stjórnun
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi
Stjórnun og daglegur rekstur
Faglegt samstarf
Leikskólaþróun og símenntun

- Gerð var móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk sem farið verður eftir þegar fólk hefur störf á leikskólanum.
- Skólanámskrá Grænuvalla var endurgerð og er komin á vefsíðuna.
- Stefna leikskólans var endurmetin og sett á vefinn, starfsmannahandbókina, foreldrahandbókina og víðar.
- Allir þættir orðnir dökkgrænir og bera skýr merki um gæðastarf í skólum

Helstu umbætur næsta árs:

- Meta gildi leikskólans og gera þau sýnilegri.
- Símenntunaráætlun skýrari og sýnilegri.
- Klára deildarnámskrár og gera þær sýnilegar



Foreldrasamstarf

Var metið á skólaárinu 2021-2022

Viðmið Norðurbings - Foreldrasamstarf- matslisti 3. útgáfa.

Markmið skólans - Á Grænuvöllum er lögð mikil áhersla á gott og gagnlegt foreldrasamstarf. Áhersla er á góða samvinnu og gagnkvæman trúnað milli foreldra og kennara enda er það ein mikilvægasta forsenda þess að leikskóladvölin verði barninu ánægjuleg og árangursrík.

Gögn sem nýtt voru til að máta við markmið og viðmið um foreldrasamstarf voru fundargerðir foreldrafélags auk foreldrakönnunar Skólapúlsins en niðurstöður úr henni voru birtar í byrjun mars 2022. Næsta foreldrakönnun verður gerð á vorönn 2024

Niðurstaða:-Það sem er ljósgrænt, gult eða rautt var sett í umbótaáætlun (neðst).

- Á þessu skólaári hefur foreldrasamstarf hægt og rólega aukist aftur eftir samkomutakmarkanir síðustu ára vegna Covid faraldursins. Karella forritið er notað í daglegum foreldrasamskiptum þar sem foreldrar fá m.a. upplýsingar um börnin á rauntíma, geta sent og fengið skilaboð og fengið myndir af börnunum til varðveislu. Einnig eru einhverjar deildir með facebook hópa þar sem almenn skilaboð og áminningar eru settar inn en engar persónugreinanlegar upplýsingar eða myndir af börnunum vegna persónuverndarlaga. Deildarstjórar senda út fréttapósta á föstudögum þar sem farið er yfir starf vikunnar, skilaboð eru skrifuð á upplýsingatöflur á deildum, sagt frá starfi dagsins, afmælum barna o.s.frv. Það eru einnig mánaðardagatöl hveðrar deildar og matseðlar. Síminn er svo notaður þegar ná þarf strax í foreldra og kennara. Nú mega foreldrar aftur koma inn á deildir en það er augljós munur á því fyrir og eftir Covid. Foreldrar eru mun ragari við að líta inn og koma alla leið upp á deildirnar á efri hæðinni.
- Í haust var haldinn stór kynningarfundur fyrir foreldra þar sem starf vetrarins var kynnt, foreldrum var boðið í jólafondurstund í nóvember, ömmum og öfum var boðið í kaffi, 2018 árgangur bauð foreldrum á opnun listasýningar í safnahúsinu, 2017 árgangurinn bauð í útskriftarveislu auk þess sem öllum var boðið á vorhátíð leikskólans.
- Foreldrafélag leikskólans hélt sumarhátíð, fékk Birgittu Haukdal til að lesa fyrir eldri börnin og bauð Ljóstýru Sumarljósi í heimsókn í leikskólann. Foreldrafélagið aðstoðaði jólasveininn með gjafir handa börnunum á litlu jólunum.
- Foreldraráð leikskólans fundaði 1-2 sinnum á skólaárinu, önnur samskipti hafa farið í gegn um tölvupóst. Ekki voru ritaðar fundargerðir. Ráðið las yfir skóladagatal og samþykkti auk fleiri verkefna.
- Foreldrasamtöl fóru fram seinnipart vorannar og fóru öll fram í leikskólanum og því ekki nauðsyn að nota fjarfundabúnað eins og undanfarin ár.



- Í síðasta foreldra skólapólusi sem var lagður fyrir á skólaárinu 21/22 voru niðurstöður í takt við niðurstöður fyrri ára sem mikil ánægja ríkir með foreldrasamstarf.

Foreldrasamstarf
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun
Viðhorf foreldra

Umbætur næsta árs

- Fara yfir umbótaáætlun foreldrasamstarfs og vinna að enn frekari endurbótum.

Innra mat

Farið var í gæðaviðmið innra mats skólaárið 2020-2021, umbótaáætlun gerð og unnið eftir henni síðustu ár. Miklar framfarir hafa orðið frá því matið var gert.

Viðmið Norðurbings- Innra mat- matslisti 3. útgáfa.

Markmið skólans - Að skipulag innra mats sé skýrt og aðgengilegt, byggt á viðmiðum um gæði og notuð séu matstæki og aðferðir sem hæfa stefnu og viðfangsefnum skólastarfsins. Mat er alltaf tekið saman í styrkleika og tækifæri til umbóta.

Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um innra mat voru fundargerðir og niðurstöður spurningalista.

Niðurstaða - Eftir umbætur síðustu ára bera allir þrír þættir innra mats skýr merki um gæðastarf í skólum, Þeir þættir sem enn má gera betur í eru skráðir í umbótaáætlun hér að neðan. Bætt er reglulega inn í Langtímaáætlun og ársáætlun og á næsta skólarári verður innra mat endurmetið og þá gerð ný langtímaáætlun.

Innra mat
Skipulag og viðfangsefni
Gagnasófnun og vinnubrögð
Opinber birting og umbætur

Umbætur næsta árs

- Matstæki færð úr vinnuhandbók í námskrá.
- Útbúa matsblöð fyrir starfsfólk til að meta starfshætti sína.
- Útbúa matsblöð fyrir hvern þátt í námskránni.
- Kynna niðurstöður úr innra mati fyrir hagsmunaaðilum
- Gæðaviðmið um innra mat endurmetin.

Heildarniðurstaða innra mats

2023

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og námsaðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólasterfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

RAUTI - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta

LJÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ytra mat

Menntamálastofnun gerði ytra mat á skólastarfi Grænuvalla í nóvember 2012. Ytra mat er mikilvægt tæki fyrir leik- og grunnskóla til að skólasamfélagið geti áttað sig á því hvar styrkleikar skólastarfsins liggja og hvert skal halda. Skýrsluna má sjá hér. Ytra mats aðilar mátu stöðuna þá eins og hún birtist á meðfylgjandi mynd. Viðfangsefni umbóta í kjölfar ytra mats er að bæta stöðuna kerfisbundið. Markmið Grænuvalla er að flestir eða allir þættir samræmist fyllilega lýsingum um gæðastarf. Árið 2012 í kjölfar ytra mats setti starfsfólk Grænuvalla sér það markmið að verða framúrskarandi skóli sem bæri skýr einkenni gæðastarfs.

2012

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og námsaðstæðr	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			



Í kjölfar ytra mats úttektar Menntamálastofnunar varð til umbótaáætlun sem starfsfólk Grænuvalla hefur unnið eftir allt til dagsins í dag. Umbótum er nú lokið og innra mats skýrsla og umbætur í kjölfar innra mats hafa tekið við og unnið samkvæmt langtímaáætlun skólans um innra mat. Þriðji kafli þessarar skýrslu er ný umbótaáætlun sem tryggir stöðugar umbætur framvegis á Grænuvöllum.

Umbótaáætlun 2023-2024

Byggt á módeli Reykjavíkurborgar

Stjórnun 2021-2022							
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
1.8 Kynna áherslur stefnu leikskólans fyrir foreldrum	Foreldraráð fái kynningu á stefnunni	Kynna stefnuna á foreldraráðsfundi Og stóra foreldrafundinum	Leikskóla-stjóri	Septem ber 2023	Septem ber 2023	Skoðanakönnun foreldra	Að foreldrar þekki skólastefnu leikskólans
Stjórnun og daglegur rekstur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
2.8 Móttökuáætlun starfsmanna	Virkja hana í haust	Allir deildarstjórar fá móttökuáætlun og vinna eftir henni þegar nýtt starfsfólk kemur á deildina	Sérgreina-stjóri, deildar-stjórar og skólastjóri	Haut 2023	Vor 2024	Setja móttökuáætlun í starfsmannakönnun	Að haldið sé utan um nýtt starfsfólk og því leiðbeint fyrstu mánuðina. Að upplifun nýrra starfsmanna af því að vinna á Grænuvöllum sé góð

2.14 Persónu- upplýsingar eru varðveittar í læstum hirslum eða í læstum skráum í tölvum.	Læsa viðkvæmum gögnum í tölvum Sérdrif fyrir sérkennslu.	Allir stjórnendur læri að læsa skráum í tölvum og geti opnað þær aftur þegar þess þarf	Sérgreinastjóri	ágúst 2023	desember 2023	Farið yfir árlega á deildarstjórafundi	Að engin viðkvæm gögn komist í hendur óviðkomandi
Faglegt samstarf	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
3.12 Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning við starfsfólk	Setja í starfsmannahandbók t.d. hlutverk skólaráðgjafa.	Skoða hvaða ráðgjöf og stuðningur stendur til boða	Leikskólastjóri og skólaráðgjafi	Septem ber 2023	Október 2023		Gera ráðgjöf og stuðning sýnilegan
Leikskólaþróun og símenntun	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur

Uppeldis- og menntastarf 2022-2023

Skipulag náms og námsaðstæður	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1.4 Skipulag húsnæðis ber þess merki að unnið er að góðri hljóðvist	Bæta hljóðvist og minnka hávaða á deildum	Mottur, hljóðeinangrun á borð og stólfætur, hljóðeinangrandi skilrúm og vegg	Leikskólastjóri	Vor 2023	Vor 2024	Hljóðmæling? Grænuvellir eru mjög vel byggt hús með góða grunnhljóðvist, en hana má bæta með enn betri hljóðvistarúrræðum	Hávaði minnki og meiri ró sé yfir börnum og starfsfólki
1.6. Vinnuaðstaða starfsfólks	Bæta fundaraðstöðu og undirbúningsaðstöðu.	Bæta loftflæði skrifborðstólar í undirbúning, endurnýja tölvukost eins og þarf, rafmagnsskrifborð	Leikskólastjóri	Þegar smiðurn kemur!	Þegar smiður inn er búinn	Starfsmannakönnun	Að skrifstofuaðstaða sé sambærileg og hjá öðrum í sveitafélaginu.
1.8. Fjölbreytt úrval af leik og námsefni	Fara yfir <u>gátlista um skipulag húsnæðis og leik og námsefni</u> Útbúa námsefnisvegg sem allir geta nýtt.	Bæta úr því sem þarf að laga samkvæmt gátlistanum	Stjórnendur	Haust 2023	Vor 2024	Yfirferð á gátlista	Að leikföng og námsefni hæfi öllum í leikskólanum.

1.10 Bókakostur o.fl. endurspeglar margbreytileika mannlífsins	Fara reglulega yfir bókasafnið.	Raða, flokka, fjarlægja óæskilegar og skemmdar bækur og bæta við góðum bókum.	stjórnendur	Haust 2023	Vor 2024	Tekið til á bókasafninu einu sinni á ári á sumrin. Farið skipulega í gegn um það á þriggja ára fresti	Að bókakostur endurspeglar margbreytileika mannlífsins.
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1.27 Börnin hafa áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda	Þurfum að skoða hvort þau hafi áhrif á þessar stundir og hver sú áhrif eru.	Ræða, t.d. Á barnafundum hvað börnin vilja gera í skipulögðu stundunum	deildarstjórar	Haust 2023	Vor 2024	Tíglamat	Að börnin hafi áhrif á leikskólastarfið
1.30 Börnin koma reglulega að mati í leikskólastarfi	Kynna tíglamat fyrir starfsfólki og leggja áherslu á að það, eða annað matsform sé notað með börnunum	tíglamat í vinnuhandbók	Aðstoðarleiks kólastjóri	Haust 2023	Vor 2024	Skrá hvað börnum þykir skemmtilegt og minna skemmtilegt. Þjóða upp á meira af því sem er skemmtilegt	Að öll börn hafi áhrif á það sem þau gera í leikskólanum og leikefni henti öllum.
Námssvið leikskólans	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1.41 Unnið er með frásagnir, sögur, ljóð...	Færa þulur og vísur úr vinnuhandbók yfir í læsisstefnu		Sérgreinastjóri	Haust 2023	Vor 2024	Umræða á deildarstjórafundum að vori um hvort þulur og vísur hafi verið notaðar meira	Börn læri vísur og þulur í leikskólanum.

						markvisst eftir að þær voru færðar.	
1.46 Unnið er markvisst að uppeldi til sjálfbærni og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi (ss. þátttaka í samfélagsverkefnum, góðgerðarstarfsemi, umhverfisvernd og útinám.	Skoða hvað stendur í námskrá um sjálfbærni. Nær það til allra nemenda, eða þurfum við að bæta við því sem hentar fyrir yngstu börnin?	Bæta námskránnu ef þess þarf. Fræða kennara um sjálfbærni.	Deildarstjórar	Janúar 2024 Starfsdagur	Maí 2024	Umræður á deildum á starfsdegi og deildarstjórafundum eftir það. Ræða hvaða sjálfbærninám fer fram í leikskólanum.	Að leikskólinn uppfylli kröfur aðalnámskrár um Sjálfbærnimenntun og að börn séu meðvituð um sjálfbærni og umhverfisvernd.
1.47 Unnið er markvisst að eflingu vísinda meðal barna í leikskólum og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi	Athuga hvernig er verið að efla vísindi í leikskólanum.	Námskeið, námsefni, nýta mannauðinn, Fræða starfsfólk um hvað felst í vísindum í leikskólastarfi	Stjórnendateymi - deildarstjórar	Október 2023 starfsdagur	Janúar 2024	Skoða hvað flokkast undir vísindi. Jókst sú vinna eftir þessa athugun.	Að vísindi séu markviss partur af skólastarfinu og að kennarar séu meðvitaðir um hvað felst í vísindum.
1.50 Unnið er markvisst með menningu í leikskólanum og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi (s.s. með tækifærum barna til að njóta menningar og lista, jafnt innan sem utan leikskólans, kynningu á menningu og listum, heimsóknum listamanna og fjölmening	Skrásetja og fara yfir hvaða menningartækifæri börn upplifa í leikskólastarfinu.	Bæta í námskrá ef einhverju þarf að bæta við. Einnig í starfsmannahandbók eða vinnuhandbók	Stjórnendateymi og deildarstjórar	Haut 2023	Vor 2024	Skoða hvað flokkast undir menningu, getum við bætt einhverju við?	Að leikskólabörnin séu meðvituð um menningu samfélagsins.

1.51. Unnið er markvisst með heimamenningu allra barna	https://menntastefna.is/tool/heimamenningu/	Skoða hvort þetta er verkefni sem við viljum fara betur út í.	Deildarstjórar	Haust 2023	Vor 2024	Skoða hvort öll börn hagnist af þessari vinnu	Auka víðsýni barna
1.52 Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna	https://www.barnasattmali.is/is/fyrir-born/barnasattmalinn-a-barnvaenu-mali	Tikkum við í öll box hér? Er eitthvað sem þarf að bæta?	Stjórnendateymi	Haust 2023	Vor 2024	Farið yfir barnasáttmálann á stjórnendateymisfundum og deildarstjórafundum	Að allir séu meðvitaðir um Barnasáttmálann og farið sé eftir honum í einu og öllu
1.53 viðfangsefni heimsmarkmiðanna	https://www.un.is/heimsmarkmidin/	Farið yfir heimsmarkmiðin og skoðað hvort þurfi að bæta eitthvað hjá okkur varðandi þau	Stjórnendateymi	Haust 2023	Vor 2024	Farið yfir heimsmarkmiðin á stjórnendateymisfundum og deildarstjórafundum	Að allir séu meðvitaðir um heimsmarkmiðin og farið sé eftir þeim í einu og öllu
Leikskóli án aðgreiningar	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1.54 Umhverfið er aðlagð til að mæta þörfum allra barna.	Bæta hljóðvist Einveruhorn	Minnka hávaðaáreiti með hljóðvistarplötum og hljóðeinandgrandi borðum t.d.	Skólastjóri	Haust 2023	Vor 2024	Hljóðmælingar Skoða hvernig einveruhornin nýtast. Eru þau fullnægjandi á öllum deildum?	Minni hávaði = minni streita
1.61 Starfsfólk fær upplýsingar og stuðning til að framfylgja markmiðum	Auka samskipti og þekkingu starfsfólks á því sem sérkennsluteymið vinnur að.	Aðili úr stuðningsteymi fer á deildarfundum og kynnir einstaklingsnámskrár og hvernig þær eru	Sérkennslustjóri/teymi	Haust 2023	Vor 2024	Setja í starfsmannakönnun spurningu um einstaklingsnámskrár	Starfsfólk á deildum geti unnið eftir einstaklingsnámskrám barna og viti hvaða þjálfun börnin þurfi á að halda.

einstaklingsnámskráa.		notaðar. Einnig verða sendir mánaðarlegir póstar á deildarstjóra um framvindu markmiða í einstaklingsnámskrá m.					
1.62 Starfsfólk sækir námskeið til að auka fagþekkingu sína á þroskafrávikum og sérúrræðum barna í leikskólanum.	Sérkennsluteymi hefur verið nokkuð duglegt að sitja námskeið og ráðstefnur. En þau eru dýr, flest fyrir sunnan og vinnustarðurinn borgar ekki fyrir námskeiðin.	Gera endurmenntunaráætlanir fyrir starfsfólk og leikskólann	Skólastjóri	Janúar 2024	Júní 2024	Fyllt inn í áætlanir og fylgst með hvort allir taki þátt í endurmenntun	Að allt starfsfólk leikskólans stundi reglulega endurmenntun
1.63 Allt starfsfólk er upplýst um sérþarfir barna sem dvelja í leikskólanum.	Þeir sem vinna með börnin vita af þeirra greiningum og frávikum.	Ræða á stjórnendateymisfundum, sérkennsluteymisfundum og deildarstjórafundum hverjir eigi að fá að vita hvað um hvaða nemendur með tilliti til persónuverndar og nauðsynjar.	Stjórnendateymi	Haut 2024	Vor 2024	Umræður á fundum þar sem teknar verða faglegar ákvarðanir	Að til sé plan um hverjir eigi að vita hvað.
1.67 Verkferlar vegna sérfræðiþjónustu eru skýrir og	Gera verkferla skýra og sýnilega	Gera verkferla skriflega og aðgengilega á	Sérkennslustjóri	Haut 2023	Vor 2024	Setja verkferla sérfræðiþjónustu í starfsmannaskoðanakönnun	Að verkferlar séu aðgengilegir og skýrir fyrir alla sem á þeim þurfa að halda

aðgengilegir bæði starfsfólki og foreldrum		vefsíðu eða annars staðar. Gera skriflega sérkennslustefnu					
1.71 Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning við starfsfólk	Nýta skólaráðgjafa betur og þekkja betur hvaða ráðgjöf og stuðning við getum fengið.	Funda með skólaþjónustu og útbúa þjónustuplan	Skólaþjónusta Norðurlands Sérkennsluteymi	Haust 2023	Vor 2023	Hvaða þjónustu er nú þegar verið að veita?, hvaða þjónustu viljum við bæta við?	Að gott samstarf sé á milli skólaþjónustu og Grænuvalla.
1.80 Börn taka þátt í að meta nám sitt	Börn taka lítinn þátt í að meta nám sitt á yngri deildum	Ræða um hvort við viljum auka þetta hjá yngri börnum	Leikskólastjóri	Vorönn 2024	Júlí 2024	Hvaða börn eru að meta nám sitt og hvernig gera þau það.	Að ákvörðun sé tekin um hvaða börn setja sér markmið, meta nám sitt og hafa áhrif
1.81 Börn fá tækifæri til að setja sér markmið	Börn setja sér ekki markvisst markmið a yngri deildum	eða erum við sáttar með þetta eins og þetta er.	Leikskólastjóri	Vorönn 2024	Júlí 2024	Umræður á deildarstjórafundum.	á leiðir í eigin námi og hvernig það er gert.
1.82 Börn fá tækifæri til að koma með tillögur að leiðum í eigin námi	Þetta hefur ekki verið gert á yngri deildum.	Hversu raunhæft er að ómálga börn setji sér markmið og hafi áhrif á starfið?	Leikskólastjóri	Vorönn 2024	Júlí 2024	Umræður á deildarstjórafundum	Það sama og hér fyrir ofan.
Mat á námi og velferð barna	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

1.71 Áætlun er til um mat á námi og velferð barna.	Það er til áætlun um mat en spurning um velferð?	Unnið er að innleiðingu farsældarfrumvarpsins sem tryggir velferð barna	Leikskólastjóri Sérkennslustjóri	Vor 2023	Vor 2024	Metið að innleiðingu lokinni	Að Norðurþing verði heilsusamlegri vinnustaður
1.78 Aðferðir sem notaðar eru til að meta nám og stöðu barna eru endurmetnar reglulega	Efi 2 Tras Míó Hljóm	Horfa gagnrýnum augum á skimanir og meta hvort nota eigi þær áfram eða skipta yfir í aðrar	Stjórnendur	Haut 2023	Vor 2024	Metið á fimm ára fresti	Að skimanir séu gagnlegar nemendum og kennurum.
1.80 Börn taka þátt í að meta nám sitt.	Setja í deildarnámskrár hvernig og hvenær börn meta nám sitt	Hversu ung börn geta metið nám sitt og hvernig?	Stjórnendur deildarstjórar	Haut 23	Haut 23	Starfsmannakönnun, foreldrakönnun	Að lýðræði nemenda sé virt
1.81 Börn fá tækifæri til að setja sér markmið	Setja markmiðasetningu barna í deildarnámskrár	Markmiðasetning á barnafundum. Markmið deildarinnar, hvernig ætlum við að hafa starfið, samskiptin... í vetur	deildarstjórar	Haut 2023	Vor 2024	Skrá hvernig gekk í ársskýrslu deilda.	Að börn læri að setja sér markmið og þeim sé hjálpað að ná þeim?
1.82 Börn taka þátt í að meta nám sitt	Hvaða börn meta nám sitt? Hvenær geta börn byrjað að meta nám sitt?	Setja námsmat í deildarnámskrár.	Deildarstjórar	Vorönn 2024	Maí 2024	Barnafundir	Að börn geti haft áhrif á nám sitt í leikskólanum



Leikskólabragur 2022-2023

Hlutverk leikskólakennara	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
1.28 Leiðbeinendur á deildum fá reglulega endurgjöf og leiðsögn s.s. í daglegu starfi og í leiðbeinenda samtölum.	Nýta móttökuáætlun betur	Taka móttökuáætlun í gagnið fyrir nýtt starfsfólk. Líka hægt að nota tékklista í henni fyrir vanara starfsfólk. Umræður á deildarfundum. Starfsmannasamtöl	Deildarstjórar	Haust 2023	Vor 2024	Starfsmannasamtöl Kannanir. Eykst ánægja leiðbeinenda milli ára?	Að leiðbeinendur verði öruggari með sig í starfi og starfsánægja aukist.
Fagmennska starfsfólks	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
1.37 Starfsfólk sækir símenntun	Símenntunaráætlun	Hvetja starfsfólk til símenntunar. Nýta starfsdaga í símenntun.	Leikskólastjóri	Haust 2023	Vor 2024	Starfsmannakönnun – eykst símenntun og áhugi á henni milli ára?	Að með aukinni menntun verði leikskólastarfið enn betra.
Starfsánægja	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur

1.52 Vinnuaðstaða er góð að mati starfsfólks	Bæta gæði	Bæta loftgæði á efri hæð og fundarherbergi Bæta hljóðvist í leikskólanum. Endurbæta Áttu	Skólastjóri Norðurþing	Haust 2023	Vor 2023	Starfsmannakönnun	Að öllum líði vel í vinnunni. Starfsumhverfið verði framúrskarandi. Að Grænuvellir verði mjög eftirsóknarverður vinnustaður.
---	-----------	--	------------------------	------------	----------	-------------------	--

Foreldrasamstarf 2021-2022

Pátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1.8 Starfsfólk er lausnamiðað í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku og nýtir fjölbreyttar leiðir til samskipta	Starfsfólk hér er mjög lausnamiðað og gerir vel, en oft má gott bæta.	Útbúa lista á íslensku, ensku og pólsku a.m.k. með helstu skilaboðum sem leikskólinn sendir frá sér.	Stjórnendateymi með aðstoð pólskumæland í starfsfólks	Haust 2023	Haust 2023	Foreldrakönnun	Aukið og betra foreldrasamstarf við alla foreldra
1.9 Skipulagt verklag er í leikskólanum þegar ræða þarf við foreldra um viðkvæm mál	Verklagið er skipulagt en það þarf að setja það skriflega niður og hafa það aðgengilegt	Setja verklag í starfsmannahandbók	Skólastjóri Sérgreinastjóri	Janúar 2024	mars 2024	Yfirfara skipulagið á fimm ára fresti	Að hægt sé að ganga fumlaust og hratt í verkin þegar þess þarf.

1.14 Foreldraráð fundar reglulega og hefur sett sér starfsáætlun og vinnureglur.	Skipuleggja fundi á skólaárinu.	Vinna að starfsáætlun og vinnureglum á fyrsta fundi.	Leikskólastjóri	Haust 2023	Nóv 2023	Vinnureglur endurmetnar á fimm ára fresti, starfsáætlun unnin árlega að hausti	Að samstarf leikskólastjóra og foreldraráðs sé markvisst og reglulegt
1.15 Fundir foreldraráðs eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir aðgengilegar á vefsíðu leikskólans	Skrifa fundargerðir á foreldraráðsfundum	Setja fundargerðir á vefsíðu skólans	Leikskólastjóri	Haust 2023	Vor 2024	Eru fundargerðir ritaðar, eru þær á vefsíðunni?	Að starf foreldraráðs sé sýnilegt.
Viðhorf foreldra	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
2.13 Að foreldrar séu virkir samstarfsmenn skólans við eflingu jákvæðs skólabrags og skipulag skólans í heild			Leikskólastjóri Foreldraráð	Haust 2023	Vor 2024		

Innra mat 2020-2021

Skipulag og viðfangsefni	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1.5 Mat og ígrundun kennara á eigin starfsháttum er liður í daglegu starfi þeirra	Kennarar fá fleiri tækifæri í undirbúningi til að meta eigið starf. Fylla út matsblað í móttökuáætlun á deildarfundum	Fylla út matsblöð úr móttökuáætlun. Búa til matsblað með nokkrum spurningum á mánuði sem starfsfólk fyllir út, t.d í lok deildarfundar	Allir	Vor 2024	Sept 2024	Endurmat 2026	Að skipulag sé skýrt og samkvæmt gæðalýsingum Norðurþings um skipulag innra mats
Gagnasöfnun og vinnubrögð	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
2.7 Foreldrar taka þátt í að ákveða áherslur og forgangsörðun í innra mati t.d með aðkomu foreldraráðs	Tryggja enn frekar samvinnu allra að auknum gæðum leikskólastarfsins	Foreldraráð fær matsblað til að fylla út á vormánuðum og fá þá í leiðinni lista um áherslur í innra mati sem ráðið getur forgangsraðað.	Matsteymi og foreldraráð	Júní 2024	ágúst 2024	Foreldraráðið fær matsblöðin árlega í júní	Aukið samstarf og gagnsæi.